

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar er heimilt að leggja á árlegt gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.e. vegna sorphirðingar og sorpeyðingar.

#### 2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs, þ.e. sorphirðu og sorpeyðingu í Bláskógabyggð fyrir árið 2006, skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	kr.
A. Sorpgjald á íbúðir, árgjald	9.260
B. Sorp sótt að íbúðarhúsi, aukagjald á íbúðarhús	9.631
C. Sorpgjald á sumarhús, árgjald	6.823
D. Sorpgjald á atvinnurekstur, lámarksgjald	20.471

Stærri fyrirtæki greiða auk þess sérstaklega fyrir gáma sem þau hafa hjá sér. Gámagjald verði fyrir 5 m<sup>3</sup> gám kr. 2.800 og fyrir 8 m<sup>3</sup> gám kr. 4.480 sem greitt verði fyrir hverja losun.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 8. nóvember 2005 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 11. janúar 2006, er í samræmi við samþykkt fyrir sorphirðu í Bláskógabyggð nr. 148/2003 sem samþykkt hefur verið af heilbrigðisnefnd Suðurlands og í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 409/2005 fyrir sorpflutninga og sorpförgun í Bláskógabyggð árið 2005.

*Bláskógabyggð, 26. janúar 2006.*

**Valtýr Valtýsson**, sveitarstjóri Bláskógabyggðar.